

Alþingi
Erindi nr. P 133/1285
komudagur 28. 2. 2007



Alþingi
nefndasvið@althingi.is
Kirkjustræti
150 Reykjavík

FJARÐABYGGÐ

27.02.2007

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007-2018

Vísað er í bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 21. þ.m. þar sem Fjarðabyggð er boðið að gefa umsögn um ofangreinda tillögu. Í upphafi skal þess getið að bæjarstjórn Fjarðabyggðar ályktaði þannig um málið á fundi sínum hinn 15. þ.m.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar fagnar því að í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018 er lýst nauðsyn þess að hefja framkvæmdir við Norðfjarðargöng eins fljótt og auðið er. Gert er ráð fyrir rannsóknnum, hönnun og öðrum undirbúningi á árunum 2007 og 2008 og útboði á árinu 2009.

Göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar skipta afar miklu máli fyrir framþróun sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og eins munu göngin tryggja fullan aðgang íbúa Austurlands að mikilvægum stofnunum í Neskaupstað. Fyrir atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað í Fjarðabyggð eru öruggar samgöngur á atvinnusvæðinu lykilþáttur. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar lítur svo á að Norðfjarðargöng séu fyrsti áfangi viðamikillar jarðgangagerðar á miðsvæði Austurlands.

Bæjaryfirvöld munu fylgjast vel með öllum undirbúningi jarðganganna og leggja sitt af mörkum til að framkvæmdir geti hafist eins fljótt og frekast er kostur. Vinna að skipulagsmálum sem tengist gerð ganganna er þegar hafin og verður kappkostað að ljúka henni eins fljótt og mögulegt er.

Þessi ályktun bæjarstjórnarinnar, þar sem samgönguáætlun er fagnað, tekur aðeins til áforma um jarðgangagerð milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Að öðru leyti telur bæjarráð óhjákvæmilegt að benda á að í Fjarðabyggð eru landsamgöngur við nyrsta byggðakjarninn, Mjóafjörð, um vegarkafla sem er illfær og jafnvel ófær stóran hluta ársins. Ferjusiglingar eru tvisvar í viku með báti sem fyrst og fremst er búinn til fiskveiða. Leiðin til Norðfjarðar liggur um Oddsskarð, ákaflega bugðóttan og brattan fjallveg þar sem göng eru í meira en 600 m hæð. Göngin eru einbreið með blindhæð og fjarri því að fullnægja öryggiskröfum sem nú eru gerðar. Milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar er iðulega illfær vegur um Hólmaháls þar sem álag, einkum þungaflutningabíla, hefur spænt upp malbikið og rykið af veginum sest jafnóðum á stikurnar þannig að í myrkri er stórháskalegt að aka veginn. Í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru einbreiðar brýr og Suðurfjarðarvegur frá Fáskrúðsfirði suður í Breiðdal er af hálfu sérfræðinga talinn til þeirra vegarspotta sem verst er ástatt um miðað við umferðarþunga. Ofangreindir vegir eru einu samgönguæðarnar milli

Erindi númer : 2007-02-23-376

1

• Afgreiðslustaðir

Búðareyri 7
730 Reyðarfjörður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 470 1438

Strandgötu 49
735 Eskifjörður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 476 1173

Egilsbraut 1
740 Neskaupstaður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 477 1771

Ofangreindir vegir eru einu samgönguæðarnar milli byggðakjarna í sveitarfélaginu. Óhjákvæmilegt er að horfa til þess að umferð er nú þegar mjög mikil og hefur vaxið umfram spár. Enn hafa ný fyrirtæki þó aðeins tekið til starfa í litlum mæli miðað við það sem gert er ráð fyrir.

Nýting auðlinda innan sveitarfélagsins kallar með mjög skýrum og brýnum hætti á samgöngubætur. Göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar eru forsenda þess að nýr atvinnurekstur eigi tryggn og öruggan aðgang að nægum fjölda starfsmanna. Geysilega mikill flutningur sjávarafla er frá Norfirði til útflutnings úr Eskifjarðarhöfn og þegar fram í sækir úr Mjóeyrarhöfn. Af hálfu skipafélaganna eru fyrirætlanir um að Mjóeyrarhöfn verði miðstöð vöruflutninga, enda eru hafnarskilyrði óvenju góð og nálægðin við Evrópu mikilvæg. Markaðssvæði Fjarðabyggðarhafna verður væntanlega frá Höfn í suðri og austur og norður um land. Góðar samgöngur til og frá Fjarðabyggð eru lykillinn að því að höfnin geti þjónað því hlutverki sem henni er ætlað. Eigi sú hagkvæmni að nást sem að er stefnt með nýjum framkvæmdum og mannvirkjum í sveitarfélaginu verður þjóðvegakerfið að geta tekið við umferð flutningabíla sem flytja vörur til og frá höfninni hvort heldur er til suðurs, norðurs eða vesturs.

Bæjarráð Fjarðabyggðar tekur undir eftirfarandi í tillögu til samgönguáætlunar á bls. 5: *"Gott samgöngukerfi og tenging byggðanna skapar möguleika á nýtingu auðlinda til lands og sjávar auk þess sem það stuðlar að auknum jöfnuði á milli landsmanna og auknum möguleikum til þjónustu og menntunar."* Á bls. 57 segir ennfremur: *„Bættar samgöngur eru mikilvæg forsenda fyrir styrkingu landshluta- og byggðakjarna og leggja grunninn að farsælli sameiningu sveitarfélaga."* Fjarðabyggð var eina sveitarfélagið á landinu sem í síðustu sameiningarkosningum samþykkti tillögu sameiningarnefndar óbreytta. Til að nýtt samfélag verði til úr hinum sameinuðu sveitarfélögum, til að þjónusta batni og hagkvæmni verði tryggð við nýtingu mannvirkja eru góðar samgöngur mikilvægasta forsendan. Litið er á göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar sem fyrsta áfanga veggangagerðar á Miðausturlandi og mikilvægt er að vinna við frumrannsóknir og áætlanir um frekari jarðgöng, sem minnst er á í samgönguáætlun, hefjist án tafar. Þá verður seint lögð nægileg áhersla á mikilvægi Egilsstaðaflugvallar fyrir íbúa í landshlutanum og öll þau umsvif og uppbyggingu sem hér á sér stað.

Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð leggja áherslu á að samgöngur verði tryggðar um Hólmaháls eins fljótt og nokkur kostur er og að endurbætur á Suðurfjarðavegi verði gerðar á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Ennfremur er bent á nauðsyn þess út frá umferðaröryggissjónarmiðum að einbreiðar brýr víki fyrir öruggari umferðarmannvirkjum.


Helga Jónsdóttir

Afrit í tölvupósti:
Þingmenn NA-kjördæmis